

HELVEGUR OG HINN

I

Það er forn trú, að mannkynið þurfi björgunar við, og eins, að björgun geti orðið og muni verða. Skal hér nú gerð grein fyrir því, hversu sú trú hefir við nokkuð að styðjast.

Tvær eru stefnur lífssögunnar. Önnur sú að alltaf sé framför, vaxandi líf, vaxandi farsæld. Hitt er stefna vaxandi ófarsældar. Lífið nær þar ekki sigra, og má því segja að verið sé á helvegi. Fyrir hérumbil 1000 milljónum ára, hófst lífið á jörðu hér, og hefir verið á helvegi jafnan síðan. Tilraunin til lífs hefir ekki tekist, hefir meira að segja tekist verr og verr. Með tilkomu mannkynsins má segja, að hefjist fyrst af alvöru bólöld jarðar vorrar. Af öllum skepnum jarðarinnar er maðurinn langófarsælastur, af öllu mannkyni hinn hvíti maður, af hvítum mönnum, hið norræna kyn, af norrænu kyni, Íslendingar. Hygg ég að ekkert fólk hér á jörðu hafi jafn ófarsælt verið og Íslendingar og sú þjóð, sem Grænland byggði og héðan var runnin, og er nú aldaða, eins og kunnugt er.

II

Með fáum orðum má gera grein fyrir því, hvernig á þessu stendur. Vér eigum rætur lífs vors í æðra tilverustigi. Frá tilverumyndum á öðrum stjörnum, stafar lífið hér á jörðu, eins og höfuðspekingurinn Pythagoras hefir fyrir löngu sagt, og til þess að lífið hér geti þrifist, þarf sambandið við þetta æðra tilverustig að vera í góðu lagi. En því lengra sem hefir upp á við sótt, í sögu lífsins hér á jörðu, því erfiðara hefir orðið um samband, og þá magnan þaðan, sem er undirstaða lífs vors. Af þessu stafa vandræðin. Til þess að magnanin

geti tekist, þarf samstillingu einstaklinganna, en því marg-brotnari og ólíkari sem einstaklingarnir verða, því erfiðara verður um magnan. Mennirnir eru hér langverst staddir, og hér kemur enn til mjög þýðingarmikið atriði, sem lítið gætir annarsstaðar í lífríki jarðarinnar. Mennirnir hafa helst verið samstilltir í því sem illt er, hin mestu illmenni og stórglæpa-menn voru það, sem menn helst veittu hlýðni, fylgd og aðdáun, einungis slíkir menn gátu orðið mikilmenni, en góðmennin varla eða ekki. Ekkert var eins fylgismaður og óvinsælt eins og einmitt það sem helst miðaði til að komist yrði af helvegi á hinn. Og nú er svo komið, að glötun er fyrir dyrum, ef ekki tækist að breyta um stefnu. Ef haldið væri áfram á helvegi, þá mundi mannkynið verða liðið undir lok á nokkurra alda fresti. Í ritgerð, sem ég lauk við í apríl 1914 (og hefi ekki látið prenta), sagði ég að voðatiðindi væru fyrir dyrum. En þó er ennþá ógurlegra það, sem nú vofir yfir og á mundi dynja, ef ekki tækist að afla sannleikanum sigurs. En að vísu er mun auðveldara nú, að fá þessu afstýrt, en þá var að koma í veg fyrir vandræðin. Þá var orðum mínum er að þessu lutu, alls enginn gaumur gefinn, en nú veita menn orðum mínum nokkra eftirtekt víðsvegar um jörð, og hefi ég — auk margra bréfa frá góðum Íslendingum báðum megin hafssins — fengið bréf úr 4 heimsálfum, til að þakka mér fyrir ritgerðir mínar. En þó er þetta ekki nema byrjun, og aðeins um nokkra úrvalsmenn að ræða. Og miklu almennari þarf eftirtektin að verða, ef orð míni eiga að hafa þau áhrif, sem nauðsynlegt er.

III

Það sem þarf til að bjarga mannkyninu er fullkomnara samband við hin æðri tilverustig. Hinir lengra komnu frændur vorir þurfa að geta komið sér betur við hér til að hjálpa oss. Þegar þess verður auðið, munum vér skjótt ná þeim kröftum, að allri fátækt og vesöld verði útrýmt, og öllum veikindum, en samhuga mannkyn geti snúið sér að því að ástunda hvernig eigi að láta sér fara fram. Hvað felst í

þessum orðum, að láta sér fara fram, minnist ég ef til vill nokkru nánar á í ritgerð sem heitir Stækkun heimsins.

Versta fyrirstaðan gegn því, að sambandið við hið æðra tilverustig gæti orðið eins fullkomið og vera þarf, hefir stafað af því að menn vissu ekki að hinir fullkomnari frændur vorir eru íbúar annarra hnatta. En nú er að því komið, að enginn, sem einlægan vilja hefir á að öðlast sannleikann geti komist hjá því að skilja, að þetta er þannig. Og þegar sú þekking verður almennings eign, mun hún greiða svo fyrir sambandinu við hið æðra tilverustig, að öllum högum mannkynsins mun verða gjörbreytt á fáeinum árum. Heimsbreyting mun verða, en að vísu ekki heimsbylting.

Eftirtektarverðir eru þeir atburðir sem nú gerast á jörðu hér. Það er eins og sjálf hin líflausa náttúra tryllist af óþolinmædi. Margt er þegar fram komið illra tíðinda, sem sagt hafði verið fyrir, og slysaalda mikil og geigvænleg, gengur nú yfir jörðina. Er þegar farið að verða hennar nokkuð vart hér, og mundi margt það bera við sem betra er að fá umflúið, ef hún næði að ganga hér yfir í almætti sínu. Væri mikil þörf á að fá því afstýrt, og raunar auðvelt, því að það verður, ef mínum boðskap er tekið eins og vera þarf. En það er þannig að menn skilji, að það er sannleikur sem ég er að segja þeim. Er nú mál til komið að hin íslenska þjóðfari að skilja sitt ætlunarverk.

En skammt hygg ég mundi eftir íslenskrar sögu og ekki gott, ef það gæti ekki orðið.

8. nóv. '26.